
Hjálmholt snáma, Flóahreppi Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 19. mars 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga Neseýjar ehf. að matsáætlun vegna áframhaldandi efnistöku í Hjálmholt snámu, Flóahreppi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Flóahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Hjálmholt snáma – efnistaka. Tillaga að matsáætlun. Neseý ehf. og Efla verkfræðistofa, mars 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Flóahreppi dags. 14. maí 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 29. mars 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 14. apríl 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. apríl 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 30. mars og 14. maí 2021.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að um sé að ræða áframhaldandi efnistöku í Hjálmholt snámu í Flóahreppi. Náman er tilgreind í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og er núverandi efnistökusvæði um 12 ha að stærð og niðurgrafið í Merkurhraun. Fyrirhugað er að stækka námusvæðið í allt að 25 ha og að vinna allt að 150.000 m³ af efni. Áætlað er að það efnismagn dugi í um 20 ár sé miðað við efnistöku fyrri ára.

Fram kemur að vinnsla fari fram á þann hátt að misþykku moldarlagi er mokað ofan af hraunkarganum. Notast er við tvær beltagröfur til að moka mold ofan af karga og til að moka efni ofan í brjóta. Karginn er ýmist unninn í forbrjót fyrir efnisflokk 0-120 mm eða í kónbrjót fyrir finna efni 0-22 mm. Tvær hjólaskóflur er notaðar til að ferja efni frá brjótum og til ámoksturs á bíla. Öll tæki eru díselknúin og starfsmannaaðstaða á hjólum er á staðnum.

Fram kemur að mjög misjafnt sé hversu þykkt moldarlag er ofan á hrauninu en að meðaltali eru um 2 m af mold yfir hrauninu og í seinni tíð hefur moldinni verið mokað og jafnað jafn óðum yfir svæði sem búið er að vinna. Að meðaltali hefur verið unnið niður um 5 m frá yfirborði og er gert ráð fyrir



sömu vinnsludýpt við fyrirhugaða efnistöku. Ekki hefur borið á foki jarðefna í námunni enda ágætt skjól ofan í námugryfjunni.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Neseyjar ehf. eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Valkostir

Í tillögu Neseyjar ehf. kemur fram að ekki standi til að fjalla um aðra valkosti en framlagðan aðalvalkost ásamt því að fyrirhugað er að fjalla um núllkost.

Skipulagsstofnun bendir á að skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum skal í frummatsskýrslu ávallt gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Þá skal tilgreina ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Valkostaumfjöllun vegna efnistöku úr Hjálmholtsnámu getur til að mynda snúið að afmörkun efnistökusvæðis, vinnsludýpi, áfangaskiptingu og vinnslutíma.

Jarðmyndanir

Í kafla 4.4.3. í tillögu Neseyjar kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé staðsett í Merkurhrauni sem sé hluti Þjórsárhraunsins mikla og njóti verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga. Fjallað verði um áhrif efnistökkunnar á jarðmyndunina í frummatsskýrslu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að Þjórsárhraunið mikla hafi hátt vísindagildi og njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þá sé hraunið víða þakið jarðvegi og gróðri, eða yngri hraunum og af þeim sökum séu ekki margir staðir á Suðurlandi þar sem yfirborð Þjórsárhraunsins er eins greinilegt og það er undir sunnan- og austanverðu Hestfjalli. Með hliðsjón af framangreindu telur stofnunin mikilvægt að varðveita yfirborð hraunsins, eins og kostur er, á þeim svæðum sem það er óraskað t.d. undir Hestfjalli. Á framkvæmdarsvæðinu hefur Þjórsárhrauninu (Merkurhrauni) nú þegar verið raskað að hluta vegna efnistöku og það verður ekki bætt eða endurheimt, en þess frekar er þörf á því að vernda svæði með óröskuðu yfirborði hraunsins. Jafnframt telur stofnunin þörf á að skoðaðir verði aðrir valkostir s.s. hvort og hvernig hægt sé að nýta núverandi námusvæðið betur og hvort hægt sé að minnka fyrirhugað efnistökusvæði. Stofnunin telur mikilvægt að varðveita yfirborð hraunsins við framkvæmdarsvæðið og að ekki sé verið að stækka námusvæðið nema að brýn nauðsyn beri til sem varði almannahagsmuni. Stofnunin mælist einnig til þess að yfirborði hraunsins utan námusvæðisins sé ekki raskað að óþörfu. Koma þarf fram hvernig framkvæmdaraðili hyggst hlífa óröskuðu yfirborði Þjórsárhrauns utan námusvæðisins.

Í ljósi þess að eldhraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og ber að forðast að raska þeim nema að brýna nauðsyn beri til leggur Skipulagsstofnun áherslu á að að í frummatsskýrslu verði fjallað um og metin áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndunina. Sú umfjöllun þarf að felast í að gerð verði grein fyrir verndargildi Þjórsárhrauns áætla umfang rasks og meta áhrif þess á verndargildi hraunsins. Jafnframt telur stofnunin tilefni til, með vísan til fyrri umfjöllunar um valkosti, að lagt verði mat á hvort mögulegt sé að draga úr flatarmálsstærð fyrirhugaðs efnistökusvæðis til að mynda með því að auka vinnsludýpi. Þá þarf að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að hlífa óröskuðu yfirborði Þjórsárhraunsins utan námusvæðis.



Vatnsvernd

Í kafla 4.4.6. í tillögu Neseysjar kemur fram hvernig fyrirhugað er að meta áhrif efnistöku á vatnsvernd og vatnsgæði.

Auk þess sem þar er tilgreint þarf í frummatsskýrslu að fjalla um það verklag sem þurfi að viðhafa til að koma í veg fyrir að mengunarefni geti borist í jarðveg og grunnvatn og hvort viðbragðsáætlun sé til staðar ef óhapp verður.

Áfangaskipting og frágangur

Í tillögu Neseysjar ehf. kemur fram að fyrirhugað sé að vinna deiliskipulag að svæðinu og að frágangur verði með sama móti og verið hefur.

Í umsögn Flóahrepps kemur fram að mikilvægt sé að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið til nánari skilgreiningar á framkvæmdaheimildum innan þess sem taki mið af umhverfismati verkefnisins. Jafnframt þarf að taka mið af því að rekin er ferðabjónusta í næsta nágrenni.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er tekið undir áherslur sveitarstjórnar um áfangaskipta efnistöku og góðan frágangi innan námusvæðisins. Í frummatsskýrslu þarf framkvæmdaraðili að gera betur grein fyrir því hvernig námuvinnslu verður háttáð í framtíðinni og hvernig staðið verður að frágangi þar sem efnistöku er lokið.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig frágangi námunnar hefur verið og verði háttáð á vinnslutíma, þ.e. hvort að gengið hafi verið og verði frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið og hversu stór hluti námusvæðisins verði opinn hverju sinni á meðan á vinnslu stendur. Jafnframt þarf að koma fram hvernig staðið verði að frágangi þegar að efnistöku er lýkur.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Neseysjar ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Tilgreina skal ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.
2. Í frummatsskýrslu skal gera grein fyrir og meta áhrif rasks vegna efnistökkunnar á verndargildi Þjórsárhrauns og möguleikum þess að draga úr áhrifasvæði efnistökkunnar á hraunið ásamt því hvernig fyrirhugað er að hlífa óröskuðu yfirborði Þjórsárhraunsins utan námusvæðis.
3. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrif framkvæmdar á vatnsvernd og vatnsgæði og hvort að hætta geti verið á að mengun kunni að berast í grunnvatn vegna starfseminnar. Gera þarf grein fyrir hvaða verklag við efnistöku þurfi að viðhafa til þess að koma í veg fyrir að mengunarefni geti borist í jarðveg og grunnvatn og hvort að viðbragðsáætlun sé til staðar ef óhapp verður.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætlaðri umferð, vegna efnisflutninga úr Hjálmsólshóli, helstu flutningsleiðir og tímasetningu flutninga. Ennfremur þarf að gera grein fyrir hversu mikið umferð eykst vegna efnisflutninga um ráðgerðar flutningsleiðir.)
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig frágangi námunnar hefur verið og verði háttáð á vinnslutíma, þ.e. hvort að gengið hafi verið og verði frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið. Jafnframt þarf að koma fram hvernig staðið verði að frágangi þegar að efnistöku er lýkur.



Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 16. ágúst 2021.

Reykjavík, 8. júlí 2021

Jakob Gunnarsson

Tinna Jónsdóttir